

Innkaupastefna Grundaskóla

Einn af hliðarþáttum þróunarverkefnisins Inngangur, flugtak, flug og starfsemi Opna skólans er að ná betur utan um innkaup námsgagna og reyna að tryggja sem besta samtengingu milli þeirra kennslutækja og kennsluefnis sem við kaupum inn og þeirra kennsluhátta sem við viljum vinna eftir.

Innkaupastefna Grundaskóla er bæði „lárétt“ og „lóðrétt“ og flokkast í fjórar víddir. Þessar víddir eru ábyrg innkaup, samræmd innkaup, nýskapandi innkaup og hagkvæm innkaup.

Með hugtakinu „lárétt“ er vísað til innkaupa sem eru á heila árganga eða ákveðinn aldurshóp. Með „lóðrétt“ er hins vegar vísað til innkaupa sem fara milli árganga eða aldurshópa. Lóðrétt innkaup geta einnig tengst ákveðnum verkefnum eða námsgreinum sbr. áherslur Opna skólans. Við viljum t.d. virða sérstöðu 1. bekkinga sem hafa þörf fyrir efni og kennslutæki er varða t.d. flokkun (t.d. lit, stærð, fjölda, pörun), gildi þess að geta unnið með og snert eða mótað í vinnunni. Þessar áherslur eiga kannski ekki jafn vel við í 4. bekk og viljum við að stöðlun námsefniskaupa sé ekki svo mikil að ekkert tillit sé tekið til starfshátta eða kennslufræðilegra áherslna í viðkomandi aldurshóp.

Hér má sjá skýringamynd varðandi innkaupastefnu skólans:



Ábyrg innkaup: Með þessari vídd viljum við minna allt okkar starfsfólk á að fara vel með og nýta þau námstækifæri sem eru til staðar. Það gerum við með t.d. öflugri teymisvinnu þar sem samstarf er um hluti og muni. Við byggjum upp sérþekkingu á ákveðnum námsleiðum og viljum stuðla að séræfingu og þróun kennslu sbr. áherslur Opna skólans.

Ábyrgð okkar felst einnig að velja vönduð námsgögn sem endast og eru endurnýtt. Vinna með hluti í náttúrunni og huga að kolefnisspori í skólstarfinu.

Samræmd innkaup: Með því að ræða þörf fyrir námsefni og kennslufræðilegar áherslur á ólíkum aldurstigum náum við betur utan um innkaup í stórum grunnskóla. Hvaða námsgögn geta verið sameiginleg á opnu svæði og hvaða námsgögn fylgja ákveðnum aldurs- eða bekkjarhóp. Með því að hafa góða skráningu og vandaða flokkun er auðveldara að skapa jafnræði og utanumhald.

Nýsköpun: Grundaskóli leggur áherslu á að náms- og kennsluefni liggi ekki ónotað í hillum og skápum. Við viljum ekki eiga of mikið af því sama og með því að nýta betur sköpum við svigrúm til að kaupa nýtt og fjárfesta í kennslubúnaði. Við hvetjum skólafólk til að prófa og styðjum nýsköpun með fjárframlögum. Stefnan er að hafa opinn óskalista þar sem kennarar og fagaðilar geta sótt um að fá að kaupa nýja hluti og kennslutæki til að þróa eigin kennsluhætti í anda Opna skólans. Þeirri hagræðingu sem næst með innkaupastefnu er markvisst beint að starfsþróun og nýsköpun í kennslu.

Hagkvæm innkaup: Skrifstofa Grundaskóla og skólastjórnendur mynda teymi til að gæta að hámarks hagkvæmni varðandi innkaup. Þetta felst m.a. í að eiga eigin námsgagnageymslu, beita útboðum og jafnvel eigin innflutningi ef svo ber undir. Starfsfólk er hvatt til að nýta frumkvæði í efnisöflun og nýta hluti sem falla til í skólstarfinu og vel m.a. með að endurnýta hluti í öðrum tilgangi en upphaflega var áætlað.

Óskalistinn: Reglubundið sendir skólastjóri Grundaskóla og aðrir skólastjórnendur út upplýsingar um nýjan kennslubúnað sem fjárfest hefur verið í fyrir skólann. Jafnframt fær starfsfólk og jafnvel nemendur beiðnablað sem nefnt er „óskalistinn.“ Á viðkomandi eyðublaði geta kennarar og aðrir lagt fram ósk um nýkaup á kennsluefni og tækjum sem styðja við breytta kennsluhætti og þróunarstarf í kennslu og uppeldi. Áhersla er lögð á að styðja við starfsþróun og öfluga teymisvinnu. Skólastjórn vinnur markvisst á þessum óskalista í samráði við allt skólasamfélagið.